

Umhverfisstofnun
Áb. <i>GSA</i> <i>SP</i>
30. jan. 2017
<i>08.03</i>
Tilv. <i>UST201701-238</i>



Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík


Borgarnesi, 27. janúar 2017

### Skil á útstreymisbókhaldi 2016

Meðfylgjandi eru skil á útstreymisbókhaldi Sorpurðunar Vesturlands hf. sem unnin eru upp úr gögnum frá árinu 2016.

Eins og áður eru gögnin unnin af Stefáni Gíslasyni, umhverfisstjórnunarfræðingi.

Virðingarfyllst

  
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

## Sorpurðun Vesturlands hf. Minnisblað um útstreymisbókhald

### Inngangur

Samkvæmt reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald, ber urðunarstöðum sem taka við 10 tonnum af úrgangi á dag eða hafa 25.000 tonna heildarafkastagetu að skila útstreymisbókhaldi, sbr. tl. 5.d í I. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 í fylgiskjali með reglugerð nr. 990/2008. Samkvæmt reglugerðinni ber að skila upplýsingum um þau mengunarefni sem talin eru upp í II. viðauka ef losun frá starfsstöðinni er yfir þeim mörkum sem þar eru tilgreind.

Í bréfi Umhverfisstofnunar til Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 3. apríl 2013, voru talin upp þau mengunarefni sem ætla má að Sorpurðun Vesturlands hf. beri að gera grein fyrir í losunarbókhaldi sínu. Samkvæmt bréfinu og í samræmi við tl. 1 í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 í fylgiskjali með reglugerð nr. 990/2008 þarf fyrirtækið að skila upplýsingum um:

1. Losun metans í andrúmsloft ef losun þess er meiri en 100.000 kg á ári.
2. Losun ammoníaks í andrúmsloft ef losun þess er meiri en 10.000 kg á ári.
3. Heildarköfnunarefni, ef losun þess í vatn er meiri en 50.000 kg á ári.
4. Heildarfosfór, ef losun þess í vatn er meiri en 5.000 kg á ári.
5. Heildarmagn lífræns kolefnis, ef losun þess í vatn er meiri en 50.000 kg á ári.
6. Losun klóríðs, ef losun þess í vatn er meiri en 2.000.000 kg á ári“.

Á nýjum urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fíflholtum á Mýrum er að meðaltali tekið við um 25 tonnum af úrgangi á dag, en skv. starfsleyfi fyrir tímabilið 2014-2028 er heimilt að taka þar við allt að 15.000 tonnum á ári. Í árslok 2016 höfðu verið urðuð þar samtals 47.156 tonn frá því að staðurinn var tekinn í notkun í ársbyrjun 2013. Af þessum tölum er ljóst að urðunarstaðurinn fellur undir ákvæði tl. 5.d í I. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 í fylgiskjali með reglugerð nr. 990/2008 og ber því að skila útstreymisbókhaldi ef losun mengunarefna frá staðnum eru yfir viðmiðunargildum.

Að beiðni Sorpurðunar Vesturlands hf. hef ég undirritaður áætlað losun frá urðunarstaðnum í Fíflholtum og komist að þeim niðurstöðum sem greint er frá í þessu minnisblaði. Áætlunin nær til þeirra efna sem talin eru upp hér að framan, en ljóst virðist að ekki komi fleiri efni til álita hvað þetta varðar.

## Ústreymi mengunarefna frá urðunarstað í Fíflholtum

### *Metan (CH<sub>4</sub>) í andrúmsloft*

---

Metanlosun í andrúmsloft var metin með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og samkvæmt líkani IPCC frá 2006. Losun metans í andrúmsloft árið 2016 var samkvæmt þessu:

**Metan (CH<sub>4</sub>): 160.000 kg.**

### *Ammoníak (NH<sub>3</sub>) í andrúmsloft*

---

Ammoníak er almennt talið vera um 0,1-1,0% af hauggasi. Sé gert ráð fyrir hlutfallinu 0,5% lætur nærri að losun ammoníaks í andrúmsloft sé um 1/100 af losun metans. Samkvæmt því lætur nærri að losun ammoníaks í andrúmsloft árið 2016 hafi verið sem hér segir:

**Ammoníak (NH<sub>3</sub>): 1.600 kg.**

### *Heildarköfnunarefni í vatn*

---

Heildarstyrkur köfnunarefnis í sigvatni frá urðunarstaðnum í Fíflholtum er mældur árlega að hausti. Í október 2016 var styrkurinn 260 mg/l eftir hreinsun. Áætlað rennsli sigvatns frá urðunarstaðnum er um 0,45 l/sek (sbr. skýrslu um mat á umhverfisáhrifum og skýrslu Eflu um áhættumat vegna starfsleyfis frá því í ágúst 2012). Út frá þessum tölum má ætla að heildarlosun köfnunarefnis í vatn árið 2016 hafi verið sem hér segir:

**Heildarköfnunarefni: 3.700 kg.**

### *Heildarfosfór í vatn*

---

Heildarstyrkur fosfórs í sigvatni frá urðunarstaðnum í Fíflholtum er mældur árlega að hausti. Í október 2016 var styrkurinn 0,891 mg/l eftir hreinsun. Ef heildarrennsli sigvatns frá urðunarstaðnum er um 0,45 l/sek (sjá framar) má ætla að heildarlosun fosfórs í vatn árið 2016 hafi verið sem hér segir:

**Heildarfosfór: 13 kg.**

### *Lífrænt kolefni í vatn*

---

Áætla má heildarstyrk lífræns kolefnis (TOC) í sigvatni frá urðunarstaðnum í Fíflholtum út frá mælingum á C.O.D., sem mælt er tvisvar á ári. Í október 2016 var gildið fyrir C.O.D. 800 mg/l eftir hreinsun. Sé miðað við hlutfallið TOC = COD/3 jafngildir þetta því að TOC sé 266,7 mg/l eftir hreinsun. Ef heildarrennsli sigvatns frá urðunarstaðnum er um 0,45 l/sek (sjá framar) má ætla að heildarlosun lífræns kolefnis í vatn árið 2016 hafi verið sem hér segir:

**Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC): 3.795 kg.**

## *Klóríð í vatn*

---

Styrkur klóríðs í sigvatni frá urðunarstaðnum í Fíflholtum er mældur árlega að hausti. Í október 2016 var styrkurinn 373 mg/l eftir hreinsun. Ef heildarrensli sigvatns frá urðunarstaðnum er um 0,45 l/sek (sjá framar) má ætla að heildarlosun klóríðs í vatn árið 2016 hafi verið sem hér segir:

**Klóríð (Cl): 5.308 kg.**

## **Niðurstaða**

Samkvæmt framanskráðu var losun metans frá urðunarstaðnum í Fíflholtum árið 2016 yfir því viðmiði sem tilgreint er í tl. 1 í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 í fylgiskjali með reglugerð nr. 990/2008. Því ber að gera grein fyrir metanlosuninni í útstreymisbókhaldi Sorpurðunar Vesturlands hf. vegna urðunarstaðarins í Fíflholtum fyrir árið 2016. Ekki er þörf á að tilgreina önnur mengunarefni í útstreymisbókhaldinu þar sem þau eru í öllum tilvikum undir viðmiðum reglugerðarinnar.

Losun metans í andrúmsloft árið 2016 var **160.000 kg.**

Tekið saman 23. janúar 2017  
*Stefán Gíslason*  
UMÍS ehf. Environice

<b>Viðmiðunarár</b>	2016				
<b>Upplýsingar um rekstrareininguna</b>					
Heiti móðurfélags	Sorpurðun Vesturlands hf.				
heiti rekstrareiningar	Urðunarstaður Fíflholtum				
Kennitala rekstrareiningar	530697-2829				
heimilisfang	Bjarnarbraut 8				
Bær/staður	Borgarnes				
Póstnúmer	310				
Land	Ísland				
Staðsetningarhnit	64°41,77'N 22°08,63'V				
Vatnasviðsumdæmi					
Kóði atvinnugreinaflokksunar					
Evrópubandalaganna (4 tölustafir)	38.21				
Mikilvægasta atvinnustarfsemin, skv. kóða atvinnugreinaflokksunar	38.21.0 Meðhöndlun og förgun hættulítils sorps				
<b>Valkvæðar upplýsingar</b>					
Framleiðslumagn					
Fjöldi stöðva	1				
Fjöldi klukkustunda á ári í rekstri	2000				
Fjöldi starfsmanna	2				
Reitur fyrir textaupplýsingar eða veffang sem vísar á umhverfis- upplýsingar sem rekstrareining eða móðurfélag vill koma á framfæri					
<b>Öll starfsemi rekstrareiningarinnar samkvæmt I. viðauka (samkvæmt skráningarkerfinu í I. viðauka og IPPC-kóðanum, liggja slíkt fyrir)</b>					
Númer starfsemi	E-PRTR kóði	IPPC kóði			
5d	5.(d)				
<b>Upplýsingar um losun rekstrareiningarinnar í andrúmsloft fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir viðmiðunargildi (samkvæmt II. viðauka)</b>					
Mengunarefni skv. II viðauka		Aðferð		Losun í andrúmsloft	
nr.	nafn	M/C/E	Aðferðarfræði	Heildar [kg/ár]	Óhapp [kg/ár]
1	Metan		IPCC 2006	160.000	
<b>Upplýsingar um losun rekstrareiningarinnar í vatn fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir viðmiðunargildi (samkvæmt II. viðauka)</b>					
Mengunarefni skv. II viðauka		Aðferð		Losun í vatn	
nr.	nafn	M/C/E	Aðferðarfræði	Heildar [kg/ár]	Óhapp [kg/ár]
<b>Upplýsingar um losun rekstrareiningarinnar í land fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir viðmiðunargildi (samkvæmt II. viðauka)</b>					
Mengunarefni skv. II viðauka		Aðferð		Losun í land	
nr.	nafn	M/C/E	Aðferðarfræði	Heildar [kg/ár]	Óhapp [kg/ár]

Mengunarefni skv. II viðauka					
nr.	nafn	M/C/E	Aðferð Aðferðarfræði	Losun í aðskilda fráveitu	
				Heildar [kg/ár]	Óhapp [kg/ár]
Flutningur hættulegs úrgangs, sem fer yfir viðmiðunargildi (skv. 5. gr.), frá rekstrareiningunni					
Innanlands					
Magn [t/ár]	D/R	(M/C/E)	Aðferðarfræði		
Til annara landa					
Magn [t/ár]	D/R	(M/C/E)	Aðferðarfræði	Heiti og heimilisfang endurnýtis/fargara	Heimilisfang viðtökustöðvar
Flutningur hættulauss úrgangs, sem fer yfir viðmiðunargildi (skv. 5. gr.), frá rekstrareiningunni					
Magn [t/ár]	D/R	(M/C/E)	Aðferðarfræði		
Lögbært yfirvald sem almenningur getur snúið sér til:					
Heiti	Umhverfisstofnun				
Heimilisfang	Suðurlandsbraut 24				
Bær/staður	Reykjavík				
Símanúmer	5912000				
Bréfasímanúmer	5912020				
Tölvupóstfang	ust@ust.is				